

Verkmenntaskólanum á Akureyri 2. febrúar 2015.

Til fyrirtækja, stofnana og samtaka

Ágæti viðtakandi.

Kynningarbréf um Erasmus plus verkefnið:

WorkQual – Workmentoring within a quality management system. Structure for Cooperation Between School and Small and Medium-sized Enterprises (SMEs).

Á Íslensku myndi þetta vera: WorkQual - Vinnustaðanám innan gæðakerfis. Skipulegt samstarf milli skóla og vinnustaða um nám og þjálfun.

Hér er vefur verkefnisins: <http://workqual.vma.is>

VMA starfar að verkefninu með fimm aðilum í öðrum löndum, skólum og ráðgjöfum á sviði starfsmenntunar. Verkefnið er sjálfstætt en í beinu framhaldi af verkefninu Workmentor sem VMA stýrði líka og fjallaði um að þróa og prófa námskeið fyrir starfsfóstra.

Sjá vef Workmentor verkefnisins hér: <http://workmentor.vma.is>

Nýja verkefnið, WorkQual, byrjaði í september 2014 og því lýkur haustið 2016.

Í stuttu máli fjallar WorkQual um það að skoða það skipulag og þau gögn sem eru notuð þegar nemendur fara í vinnustaðanám af ýmsu tagi. Við álitum að það sé full þörf á að staðla og styrkja það kerfi sem skólar og aðrar stofnanir nota þegar verið er að fá fyrirtæki og stofnanir til að taka nemendur í þjálfun.

VMA er verknámsskóli og hefur mikið samstarf við vinnustaði um nám í skólanum, t.d. senda ýmsar námsbrautir nemendur í vinnustaðanám í stuttan tíma sem hluta af skólanáminu. Að sjálfsögðu fara iðnnemar á námssamninga en við sjáum ekki mikla þörf á að verkefnið geri annað en að taka það kerfi með í reikninginn, ekki eru neinar tillögur um að breyta því neitt sérstaklega.

Fyrsti hluti verkefnisins felst í að ná sambandi við sem flesta aðila sem koma að þessum málum, ýmsa vinnustaði, aðra aðila sem senda skjólstæðinga í þjálfun og aðra svo sem verkalýðsfélög, samtök vinnustaða og fleiri. Þessir aðilar eru beðnir að segja skoðanir sínar með því að fylla út könnunina sem fylgir þessu bréfi, könnunin er á netinu og rafræn.

Annar hlutinn felur í sér að skoða þau kerfi sem við notum, eyðublöð, samninga, matsaðferðir og annað sem fjallar um samstarf skóla og vinnustaða hér á landi og bera það saman við hin löndin. Við höldum að við getum komið auga á sameiginlega þætti óháð löndum, menntakerfum og tegund vinnustaðanáms því að þótt þjálfun á vinnustað sé fagbundin fylgja henni líka almennir þættir sem alltaf þarf að halda utanum.

Þriðji hlutinn felst í að teikna upp kerfi og skrifa það inn í gæðakerfi VMA og annarra stofnanna sem taka þátt. Ætlunin er að til verði verklagsreglur og skjöl sem lúta gæðastaðli þannig að hægt sé að setja markmið, vinna skipulega, taka út

vinnubrögð og fá upplýsingar út úr kerfinu um nemendur, vinnustaði og hvernig gengur að vinna að úrbótum.

Að lokum vonumst við til að hafa í höndunum nokkuð heillegt yfirlit um það sem þarf að hafa á hreinu og það sem felst í því að senda nema eða annan skjólstæðing í vinnustaðanám til lengri eða styttri tíma. Þá verður hægt að taka þetta inn í námskrá skólans og vonandi nýta þetta sem víðast þar sem vinnustaðanám er í samhengi við skólanám eða aðra uppbyggilega vinnu með skjólstæðingum.

Vinnustaðanám sem hluti af eða meginhluti fagnáms.

Við sem störfum að verkefninu Workqual erum eindregið þeirrar skoðunar að til að fá sem öflugast og hæfast starfsfólk úr námi þurfi bæði góða undirstöðuþekkingu og markvissa og fjölbreytta þjálfun. Þannig sé samfella í skólanámi og vinnustaðaþjálfun mikilvæg. Eins og með allt sem gert er má bæta ýmislegt. Það er mjög eindregin þörf á að efla margvíslegt starfsnám á framhaldsskólastigi og við álitum að markviss og góð vinnubrögð við samskipti skóla og vinnustaða séu mikilvæg. Að sjálfsgöðu er námið í skólanum og þjálfunin á vinnustaðnum aðalatriðið. Ef markvisst er unnið að því að styðja nema í vinnustaðanámi getum við hugsanlega aukið líkurnar á því að neminn finni fjölinu sína og ljúki námi og komi til starfa.

Við óskum eftir því að þú eða einhver fulltrúi vinnustaðarins eða samtakanna gefi sér smástund til að svara könnuninni sem tengillinn í tölvupóstinum vísar á.

Könnunin er hugsuð sem hluti af því að fá fram áherslur margra aðila um vinnustaðanám og hvernig megi auka líkurnar á því að það verði árangursríkt.

Virðingarfyllst:

Jóhannes Árnason, verkefnastjóri erlendra samskipta VMA. jarn@vma.is
Jóhannes stýrir WorkQual verkefninu.

Ari Hallgrímsson, brautarstjóri matvælanáms í VMA. ari@vma.is
Ari er matreiðslumeistari og sér meðal annars um að skipuleggja kynningardvöl matvælanema á vinnustöðum.

Guðmundur Ingi Geirsson rafíðnakennari í VMA. gum@vma.is
Guðmundur er rafvirkjameistari og sér meðal annars um að skipuleggja kynningardvöl rafvirkjanema á vinnustöðum.

María Albína Tryggvadóttir brautarstjóri sjúkraliðanáms í VMA. maria@vma.is
María er hjúkrunarfræðingur og hefur umsjón með vinnustaðanámi sjúkraliðanema,

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir er gæðastjóri VMA. hrabba@vma.is
Hrafnhildur hefur umsjón með gæðakerfi VMA og mun sjá um að ritstýra því sem verkefnið gefur af sér þannig að það sé tækt sem hluti af gæðakerfinu.